

Heilbrigðisráðuneyti
b.t. skrifstofu heilbrigðisþjónustu
sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 29. júní 2026.

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að aðgerðaáætlun um þjónustu við einstaklinga með heilabilun fyrir árin 2026-2030

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar **drög að aðgerðaáætlun um þjónustu við einstaklinga með heilabilun fyrir árin 2026-2030**, mál S-98/2026 birt í Samráðsgátt 9. júní 2026.

SI fagna þeim metnaði sem birtist í áætluninni og styðja heildarmarkmið hennar, einkum áhersluna á forvarnir, snemmtæka íhlutun og uppbyggingu gagnagrunns á landsvísu. Samtökin telja hins vegar nauðsynlegt að skerpa á áherslum varðandi nýsköpun, opinber innkaup á tæknilausnum og stafræna samþættingu þjónustustiga. Til að áætlunin nái markmiðum sínum á hagkvæman og skilvirkan hátt þarf hún að byggja á opnum tæknilegum innviðum og samstarfi við einkageirann.

Samtökin vilja koma á framfæri athugasemdum við eftirfarandi þætti:

Stafræn samþætting ríkis og sveitarfélaga með opnum tækniviðmótum (API)

Í drögunum er að finna fremur einhæfa nálgun þar sem áherslan er fyrst og fremst á heilbrigðiskerfi ríkisins (heilsugæslu og sérhæfðar móttökur). Einstaklingar með heilabilun búa hins vegar oftast heima á fyrstu stigum sjúkdómsins og fá sína hversdagslegu þjónustu í gegnum félagslega heimaþjónustu sveitarfélaga.

Starfsfólk í framlínu heimaþjónustu hefur einstakt tækifæri til að greina fyrstu teikn um vitræna hrörnun í daglegum athöfnum notenda löngu áður en klínísk greining á sér stað. Þetta dýrmæta tækifæri nýtist hins vegar aðeins ef skráning þessara upplýsinga er stöðluð og getur flætt á öruggan hátt á milli þjónustustiga.

Samtökin leggja áherslu á að opinberir innviðir á sviði velferðar- og heilbrigðisþjónustu séu hannaðir sem opin vistkerfi (e. platform). Tryggja verður opin og skilgreind tækniviðmót (API) sem gera hugbúnaðarkerfum sveitarfélaga og einkaaðila kleift að tengjast miðlægum gagnagrunnum ríkisins (svo sem þeim sem stefnt er að í aðgerð 4.1).

Nýting markaðslausna fremur en eigin þróun hins opinbera

Heilsutækni og velferðartækni er ört vaxandi grein innan íslensks tækni- og hugverkaiðnaðar, og hafa þegar þróað sérhæfðar hugbúnaðarlausnir sem eru í virkri notkun hjá sveitarfélögum.

Að mati samtakanna á ríkið ekki að standa í kostnaðarsamri og seinvirkri innhýsingu þegar kemur að hugbúnaðarþróun (e. in-house development) til að mæta þörfum áætlunarinnar. Í stað þess er eðlilegra að mati samtakanna að ríkið bjóði út slíka sérhæfða þjónustu, nýti og kaupi þær lausnir sem þegar eru til staðar á markaðnum og bjóða upp á þróaðan hugbúnað fyrir heimaþjónustu og skráningu á færnimati. Með þessu móti er stuðlað að nýsköpun, innviðir eru nýttir betur og dregið úr áhættu hins opinbera.


Hagkvæmni í rekstri og virkjun fyrirliggjandi innviða

Innleiðing áætlunarinnar má ekki leiða til aukins rekstrarlegs flækjustigs eða stofnun nýrra yfirbygginga. Aðgerðirnar eiga að virkja og styðja við þá innviði sem þegar eru til staðar.

Með því að efla stafræna færni og bjóða upp á hnitmiðaða fræðslu (aðgerð 6.1) fyrir starfsfólk í félagslegri heimaþjónustu telja samtökin að auka megi gæði þjónustunnar verulega án mikils tilkostnaðar. Þá munu virkni- og endurhæfingarúrræði í heimahúsum (kafla 3) nýtast mun betur ef þau eru studd með nútímalegum stafrænum lausnum. Slíkt frestar þörf á dýrum innlögnum á hjúkrunarheimili, sem er mikið hagsmunamál fyrir ríkissjóð og dregur úr útgjöldum hins opinbera.

SI telja að með því að samþætta þjónustustig ríkis og sveitarfélaga með aðstoð opinna tæknilausna einkageirans megi ná fram verulegum samlegðaráhrifum. Þetta mun bæta lífsgæði einstaklinga með heilabilun, léttu álagi af aðstandendum, efla íslenska heilsutækni og tryggja hámarksnýtni á almannafé.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins


Erla Tinna Stefánsdóttir